



Líðan barna við upphaf grunnskóla

Sigríður Hafdís Baldursdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Líðan barna við upphaf grunnskóla

Sigríður Hafdís Baldursdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðsögukenari: Halla Jónsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2013

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B. Ed. prófs í grunnskólakennarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Sigríður Hafdís Baldursdóttir 2013

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, 2013

Ágrip

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. prófs í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er líðan barna við upphaf grunnskóla. Það er efni sem hefur verið í huga mér frá því að mitt eigið barn byrjaði í grunnskóla. Engin tvö börn eru eins og þess vegna upplifa þau skólabyrjun á mismunandi hátt. Sumum líður vel og öðrum illa. Tilgangur verkefnisins er að athuga hvort munur sé á líðan barna við skólabyrjun. Stuðst er við fræðilegar heimildir, meðal annars um tengsl leik- og grunnskóla, tengsl heimilis og skóla og farið inn á geðheilsu barna og geðtengsl. Athugun á líðan barna við upphaf grunnskóla er gerð með viðtölum við foreldra fjögurra barna sem hófu nám síðastliðið haust í tveimur ólíkum skólum. Helstu niðurstöður viðtalanna sýna að foreldrum finnst vel tekið á móti börnunum við skólabyrjun og það sé helst gleði og stolt í bland við smá kvíða sem einkenna tilfinningar foreldranna. Ekki virtust breytingar á hegðun og líðan barnanna koma neitt sérstaklega í ljós við tímamótin hvort sem þau hefðu vin sem fylgdi þeim eða þekktu einhvern í skólanum eða ekki. Ekki var hægt að greina meiri vanlíðan eða meiri vellíðan barnanna eftir því í hvorn skólann þau ganga og virtust þau hafa haft það ágætt við skólabyrjun.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Upphaf grunnskóla	7
3 Tengsl leik- og grunnskóla	8
3.1 Mikilvægi tengsla milli skólastiga	9
3.2 Það sem skiptir máli við flutninginn úr leikskóla í grunnskóla	11
4 Tengsl heimilis og skóla	13
4.1 Foreldrar og foreldrasamstarf	13
4.2 Skólinn	14
4.3 Samskipti	14
5 Líðan barna	16
5.1 Sálræn vandamál barna.....	16
5.2 Geðrækt og börn	18
6 Geðtengsl og tilfinningar	19
6.1 Geðtengsl eru mistraust.....	19
7 Vandamál og hvernig vinna má úr þeim	21
7.1 Skólafælni	21
7.2 Vinátta og vinsældir.....	22
7.3 Hvenær á að leita aðstoðar og hvert?.....	22
8 Barnasáttmálinn og Umboðsmaður barna	24
9 Viðtöl	26
9.1 Viðtölin dregin saman	27
9.2 Niðurstöður viðtala	29
Lokaorð	30
Heimildaskrá	32

Formáli

Bestu þakkir fær Halla Jónsdóttir leiðbeinandi minn fyrir mjög góða aðstoð og leiðsögn. Sérstakar þakkir fær Freydís Þóra Aradóttir fyrir yfirlestur, góðar ábendingar og hvatningu. Foreldrar barnanna sem veittu viðtöl fá þakkir fyrir að gefa sér tíma til að hitta mig og ræða um börnin og líðan þeirra. Að lokum fær fjölskyldan mín þakkir fyrir stuðning og þolinmæði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Í mörgum tilfellum er það þannig að börn hlakka til í marga mánuði áður en þau byrja í grunnskóla. Síðustu mánuðir leikskólans snúast að mestu leyti um undirbúning að því sem koma skal, grunnskólanum. Upphaf grunnskólans er breytingatími fyrir börn og ekki síður fjölskyldur þeirra. Til þess að börnum líði sem best eru það jákvæð viðhorf foreldranna sem styðja þau í flutningnum frá leikskóla yfir í grunnskóla. Hversu farsæll flutningur verður fer mikið eftir hjálp foreldra og því hvernig skólinn tekur á móti börnunum. Samskipti foreldra, kennara og nemenda þurfa að vera á góðum nótum til þess að barninu líði vel í skólanum. Líðan barna er eitthvað sem þarf ávallt að gæta að. Börn fela líðan sína í mörgum tilvikum eins og til dæmis í skólabyrjun. Þau eru stundum hrædd við að hafa ekki alltaf rétta svarið á reiðum höndum þegar kennarinn spyr, er alltaf illt í maganum eða með höfuðverk og svima. Þetta er eitthvað sem ekki ætti að hrjá börn á þessum tímamótum. Börn hafa vissar væntingar í skólabyrjun og er birting vanlíðunar sennilega ekki ein af þeim, frekar tilhlökkun og jákvæðni til þess að „læra“.

Fyrsti hluti ritgerðarinnar fjallar um upphaf grunnskóla, tengsl heimilis og skóla, tengsl skólastíganna leik- og grunnskóla og mikilvægi þeirra og það sem mestu máli skiptir við flutninginn úr leikskóla í grunnskóla. Í öðrum hlutanum er farið inn á líðan barna, geðheilbrigði og geðtengsl. Þar er farið inn á ýmis vandamál sem geta komið upp á skólagöngunni, vináttu og það hvenær og hvar sé hægt að leita aðstoðar. Í þriðja hlutanum er farið inn á rannsókn um líðan barna sem Umboðsmaður barna gerði veturinn 2008 – 2009 og dregin saman viðtöl við foreldra fjögurra barna sem hófu grunnskólagöngu síðastliðið haust.

Margar spurningar komu upp í hugann þegar viðfangsefnið var valið og unnið úr því. Útkoman varð að kanna hvort munur sé á líðan barna við skólabyrjun. Viðtöl voru tekin við foreldra fjögurra barna sem hófu grunnskólanám síðastliðið haust í tveimur ólíkum grunnskólum og svör þeirra dregin saman og í lokin eru niðurstöður.

2 Upphaf grunnskóla

Þegar börn byrja í skóla er það ekki aðeins breyting fyrir þau heldur einnig fyrir alla fjölskylduna (Glazier, 2001: 15). Mörg börn upplifa það á jákvæðan og spennandi hátt að byrja í skóla. Fyrir önnur börn er það erfitt og óþægilegt (Dockett og Perry, 2007: 3). Hver skóli hefur sínar reglur og aðferðir sem eru nýjung fyrir öll börn við upphaf skólans þar sem þau koma frá ólíkum heimilum og með ólíkan bakgrunn. Það er mikilvægt að fyrstu ár skólans veiti brú fyrir alla lykilaðila og að lagður sé grundvöllur að námi í skólasamfélaginu sem endurspeglar og metur gildi allra aðila (Glazier, 2001: 15). Jákvæð skólabyrjun er sönnun þess að áframhaldandi nám verði jákvæð reynsla (Dockett og Perry, 2007: 3).

Enginn vafi er á því að kennarar, foreldrar/umönnunaraðilar og skólinn hafa hagsmuna barnanna að gæta og að þau séu jákvæð og tilbúin að hefja formlega námsreynslu. Það er mikilvægt að væntingum barnanna sé mætt. Áætlanir sem eiga að auðvelda umskiptin skapa traust og virðingu milli kennara, foreldra, barna og skóla. Fjölskyldur, einnig þær sem hafa neikvæða upplifun af skólagöngu, eru hvattar og studdar til að byggja upp traust og virðingu fyrir kennurum og skólum. Að auki geta kennarar og skólar hjálpað til við að þróa virðingu fyrir þörfum foreldra og barna. Mikilvægast er þó að reynsla og þróun á gagnkvæmu trausti og virðingu efli börnin í því að sigla eigin leiðir í gegnum þessa stóru breytingu í lífi þeirra (Clancy, Simpson og Howard, 2001: 61).

3 Tengsl leik- og grunnskóla

Börn leika sér í leikskólum, þar líður þeim vel og þau tala um það af öryggi hvað þau aðhafast þar. Þau hafa ýmsar hugmyndir um kennslu í grunnskóla en þau eru viss um að þar eigi þau að læra að skrifa og lesa (Rannveig Jóhannsdóttir, 2011: 7).

Þegar börn hætta í leikskóla og hefja grunnskólagöngu er litið á þau tímamót sem mikilvægt skref í lífi þeirra. Oft á tíðum hafa þessi tímamót í för með sér miklar breytingar bæði fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Eins konar undirbúningsbekkur fyrir grunnskólann sem hefur meðal annars það hlutverk að brúa bilið milli skólastiganna er í mörgum tilfellum starfræktur í nágrenni löndunum. Í um 20 ár höfðu 6 ára bekkir þetta hlutverk eða allt til ársins 1991 þegar þeir voru með lögum um grunnskóla lagðir niður (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 65).

Árið 1990 var sett á tíu ára skólaskylda en hún er fyrir öll börn, allt frá sex ára aldri. Grunnskólastigið er eina skólaskyldan sem er á Íslandi (Jón Torfi Jónasson, 2008: 176) og byggir hún á 3. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla:

3. gr. Skólaskylda.

Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr.

32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6 - 16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Þá þætti sem skilja að leikskólann og grunnskólann má flokka í þrjá flokka, ytri umgjörð ólíkra stofnana, félagslegt samhengi sem er nýtt fyrir börnin og aðrar námskröfur (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 66 – 67).

Þegar talað er um ytri umgjörð er það oft þannig að húsnæði leikskóla og grunnskóla er nokkuð ólíkt. Yfirleitt eru grunnskólar í stærri byggingum en leikskólar og kennslustofur grunnskólanna ólíkar deildum leikskólanna. Einnig er dagsskipulag ólíkt. Oftast er skipað í bekki eftir aldri í grunnskólanum og skóladeginum skipt niður í 40 mínútna kennslustundir eftir námsgreinum með hléi á milli. Mörg börn kynnast í fyrsta skipti í frímínútum,

nestistímum og sérgreinum. Hins vegar er börnum í leikskólum oft skipt í aldursblandaða hópa og skipulagið yfirleitt nokkuð sveigjanlegt (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 67).

Félagslegt umhverfi er annar stór þáttur sem breytist. Börnin fara úr einu félagslegu kerfi í annað þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Félaglegt umhverfi grunnskólans er flóknara en félagslegt umhverfi leikskólans. Yfirleitt eru í grunnskóla fleiri börn til að hafa samskipti við og samskiptamáti við fullorðna ólíkur því sem áður var. Þegar börn koma í grunnskólann þurfa þau oft á tíðum að aðlagast nýjum félagahópi þar sem algengt er að í stærri grunnskólum komi börn frá mörgum leikskólum. Ekki er það alltaf sem börnin fylgjast að og fara með félögum sínum úr leikskólanum í grunnskólann. Töluverð viðbrigði eru að vera ekki lengur „stóru krakkarnir“ í skólanum heldur eru þau nú yngst. Samskipti við fullorðna verða með öðrum hætti þar sem fleiri börn eru á hvern fullorðinn í grunnskólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 67).

Undirbúningur flutnings frá leikskóla yfir í grunnskóla þarf að vera góður ef allt á að ganga upp. Fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla (2011) að ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þurfi að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Á meðan börn eru enn í leikskóla eiga þau að fá tækifæri til að kynnast starfi og umhverfi grunnskóla og eftir að grunnskólanám hefst eigi að viðhalda góðum tengslum við leikskólann. Horfa skal á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.

Væntingar og námskröfur, frá kennurum, skólanum, foreldrum og nærumhverfinu breytast þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla. Leikurinn, sem hefur verið aðalnámsleið barnanna í leikskólanum, fær mun minna rými þegar í grunnskólann er komið og sömuleiðis skapandi starf og listgreinar. Formlegt nám í lestri og stærðfræði tekur við af leiknum og væntingar umhverfisins snúast að því að börnin standi sig á þeim sviðum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 67).

3.1 Mikilvægi tengsla milli skólastiga

Milli skólastiga eru helstu markmið samstarfs og tengsla að skapa samfellu í námi barna, stuðla að markvissari uppbyggingu náms og koma til móts við þarfir þeirra. Markmiðið er einnig að treysta gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að öryggi og vellíðan barna þegar þau flytjast milli skólastiga (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011).

Kenningar og líkön ýmissa fræðimanna hafa verið notuð til að útskýra tengsl skólastiganna. Vistkerfisnálgun Bronfenbrenners er ein þeirra en hún hefur verið notuð til að varpa ljósi á mikilvægi tengsla milli skólastiganna. Þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla er litið svo á að miklar breytingar verða ekki einungis hjá börnunum sjálfum heldur einnig hjá fjölskyldum þeirra. Yfirfærslan frá leikskóla yfir í grunnskóla er eins konar ferli sem allir í umhverfi barnsins taka þátt í en ekki atburður eða atvik sem eingöngu barnið upplifir (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 76 – 77).

Bronfenbrenner talaði um nærkerfi (e. Microsystem) sem það svæði sem tengist næst einstaklingnum, það er heimilið, nágrennið, grunnskólinn og leikskólinn. Millikerfi (e. Mesosystem) sem felur í sér samskipti og tengsl milli nærkerfa, eins og tengsl milli heimila og skóla. Stofnanakerfi (e. Exosystem) sem framlengingu millikerfanna og taki til dæmis til skólakerfisins, fjölmiðla og vinnustaða. Með Lýðkerfi (e. Macrosystem) er átt við þjóðmenninguna og það gildismat, siði og skipulag samfélagsins sem hefur áhrif á einstaklinginn. Aðlögun einstaklingsins að stofnunum utan heimilisins talar Bronfenbrenner um sem vistfræðilega yfirfærslu (e. Ecological transition). Með því breytist einstaklingurinn, staða hans, tengsl og sjálfsmynd (Bronfenbrenner, 1979: 3 – 4).

Vistkerfisnálgun


Bronfenbrenner

Nærkerfið – heimilið, nágrennið, leik- og grunnskólinn

Millikerfið – samskipti og tengsl nærkerfa

Stofnanakerfi – skólakerfið, fjölmiðlar og vinnustaðir foreldra

Lýðkerfið – þjóðmenningin, gildismat, siðir og skipulag samfélagsins



Mynd: Sigríður Hafðís

Baldursdóttir, byggð á

vistfræðikenningu

Bronfenbrenner

Þeir sem byggja á hugmyndum Bronfenbrenners leggja áherslu á þær breytingar sem verða á samskiptum þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla og leggja áherslu á reynslu barnsins í tengslum við umhverfi þess. Því eru samstarf og upplýsingamiðlun mikilvægra aðila í nærumhverfi barnsins afar mikilvæg á þessum tímamótum, þ.e. samskipti leikskóla, grunnskóla og heimilis (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 87).

3.2 Það sem skiptir máli við flutninginn úr leikskóla í grunnskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti (2011), segir að skólaganga barna eigi að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist þeim á þeim næstu. Þegar börn hefja grunnskólanám þarf að byggja á reynslu og fyrra námi þeirra úr leikskólanum. Grunnurinn sem námið í grunnskólanum byggir á er sú hæfni sem börnin öðluðust í leikskóla.

Flutningurinn frá leikskólanum yfir í grunnskólann markar mikilvæg tímamót í lífi barna. Þess vegna, aðeins frá sjónarhóli góðvildar í garð barna og áhuga á vellíðan þeirra þurfa kennarar að taka því alvarlega að flutningurinn sé farsæll. Farsæll flutningur hjálpar börnunum og þeim finnst þau öruggari, afslappaðri og líður betur í nýju umhverfi. Hver myndi vilja eitthvað minna fyrir börnin þegar þau hefja skóla lífsins sem mun endast í meira en áratug? (Broström og Wagner, 2003: 34).

Þar sem börn á Norðurlöndunum upplifa snemma daglegar breytingar af einhverju tagi er hægt að gera ráð fyrir því að þegar þau verða sex ára séu þau búin að byggja upp einhvers konar hæfni fyrir flutninginn sem á sér stað þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Samt sem áður eru breytingarnar mun róttækari við flutninginn heldur en daglegu breytingarnar sem börnin upplifa. Umskiptin frá leikskóla yfir í grunnskóla fela oft í sér hraða fyrirfram gefna breytingu innan ákveðins tíma. Til viðbótar byrja börn á Norðurlöndunum oft á frístundaheimili samtímis flutningnum þannig að breytingarnar verða enn meiri við það að kynnast fleirum (Broström og Wagner, 2003: 27 – 28).

Flest börn hafa hlakkað til að byrja í skóla í nokkra mánuði og lýsa væntanlegri reynslu sem töfrum líkast og tengja það þeirri von að þau vilji læra að lesa og skrifa. Hins vegar eru líka börn sem hafa áhyggjur af því að byrja í skóla og eiga í vanda við flutninginn (Broström og Wagner, 2003: 28).

Kennarar halda því oft fram að byrjendur í skóla skorti kunnáttu og hæfni til að ná árangri í námi. Gagnrýnin á það er að í leikskóla er allt annar flötur á nauðsynlega þróun til

að læra heldur en í grunnskólanum. Með öðrum orðum, of mörg börn hafa ekki fengið nauðsynlegan undirbúning fyrir grunnskólann (Broström og Wagner, 2003: 29).

Rannsóknir gefa til kynna að börn, sem eiga erfitt með flutning frá leikskóla og aðlagast grunnskólanum með nýjum félagstengslum, námskröfum og hegðunarreglum, séu vísari til þess að glíma við þessa erfiðleika áfram á skólagöngu sinni. Einnig tengist jákvæð grunnskólabyrjun jákvæðri skólagöngu, bæði hvað nám varðar og félagstengsl (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 92).

Þó svo að flest börn færast úr leikskóla í grunnskóla án mikilla vandkvæða eru hins vegar önnur börn sem bíða skipbrot sem getur haft áhrif á framtíðarskólagöngu þeirra. Litið var á þetta tímabil lengi vel sem afdrifaríkt vegna breytinga sem eiga sér stað innra með barninu á þessu aldurs skeiði og áhersla lögð á að börn næðu ákveðnum þroska til að hefja grunnskólagöngu. Hins vegar hefur á undanförunum árum athyglin beinst í auknum mæli að félagslega þætti umhverfisins sem barnið er hluti af, þ.e. þætti foreldra, féлага og kennara (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 92).

Félagahópurinn, fjölskyldan, leikskólinn og grunnskólinn eru hluti af nærkerfi barnsins ef litið er á flutninginn úr leikskóla í grunnskóla út frá vistkerfisnálgun Bronfenbrenners. Því skipta þessir aðilar og samvinna þeirra í millikerfinu miklu máli um það hvernig til tekst við flutninginn úr leikskólanum og upphaf grunnskólagöngunnar. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum Hillary Fabian (2000) virðist það skipta miklu máli fyrir félags- og tilfinningalega vellíðan barna að þau byrji með vinum sínum í grunnskólanum eða að þau þekki einhvern þar fyrir. Þau börn sem byrja í skóla með vini eru ánægðari en þau sem eru aðskilin vinum sínum eða eiga ekki náinn vin (Fabian, 2000: 10). Grunnskólinn og umhverfi hans verður ekki eins ógnvekjandi ef félagar veita stuðning (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 93).

4 Tengsl heimilis og skóla

Tengsl fjölskyldu og skóla er flókið fyrirbrigði. Líðan og nám barna í skólanum setur mark sitt á heimilislífið. Sem dæmi, ef börn eru vansæl í skólanum hefur það áhrif á foreldra þeirra og meira að segja alla fjölskylduna. Erfiðar heimilisaðstæður hafa einnig greinileg áhrif á nám og líðan barna í skólanum (Ragnhildur Bjarnadóttir, 1994: 175).

Í heimi barna eru foreldrar lykilaðilar, uppspretta öryggis og tengiliðir við ókunnar aðstæður og mynda þess vegna samfellu í lífi þeirra. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir barns, leikskóla og grunnskóla þegar þau hefja grunnskólagöngu. Þeir styðja börn sín við þessi þáttaskil og koma upp tengingu á milli heimilis og skóla. Foreldrar þekkja börn sín best og geta deilt upplýsingum um þroska þeirra og reynslu til grunnskólans. Góð tengsl á milli heimila og skóla og gagnkvæm upplýsingaöflun skapar þráð í lífi barna. Rannsóknir benda til þess að grunnskólabyrjunin verði börnum auðveldari þegar þau upplifa líkar væntingar í grunnskólanum, heima hjá sér og í leikskólanum (Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2008: 4).

4.1 Foreldrar og foreldrasamstarf

Enginn staður er barninu jafn mikilvægur og heimilið og óhætt er að fullyrða að engir hafa jafn mikil áhrif á félagsmótun barna og foreldrarnir. Því er hiklaust hægt að segja að foreldrar skipta máli. Í lífi hvers manns eru áhrifaþættirnir óteljandi og framlag foreldranna er bara einn þáttur, sannarlega veigamikill, en hann ræður ekki alltaf úrslitum (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007: 286).

Foreldrasamstarf er býsna mikilvægt og ef foreldrar eru virkir getur það haft úrslitaáhrif á námsárangur barnanna og líðan þeirra. Samkvæmt rannsóknum kemur ávinningur af foreldrasamstarfi að mestu leyti fram í betri líðan og bættum námsárangri barna og unglunga og ekki síst í minna brottfalli úr námi meðal framhaldsskólanema. Þegar talað er um bekkjarbrag hugsa foreldrar út frá sínu barni og um líðan þess í bekknum en kennarinn lítur alloft á bekkinn sem eina heild. Fyrir vikið er mikilvægt að þessir aðilar eigi góð samskipti og séu vel upplýstir um hlutverk og sjónarmið hvors annars þar sem leitast er við að sjá hlutina í víðara samhengi. Jafnframt er mikilvægt að bæði foreldrar og skólinn

tileinki sér jákvæð viðhorf gagnvart hvorum öðrum (Helga Margrét Guðmundsdóttir, 2005).

Í fjölda erlendra rannsókna hefur þáttur foreldra og áhrif á skólagöngu barna þeirra verið kannaður. Niðurstöður sýna fram á að afstaða foreldra og jákvæð viðhorf gagnvart skólanum, jákvæð samskipti við skólann og þátttaka þeirra í skólanum hafi áhrif á vellíðan barna og gengi þeirra í skólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007: 94).

4.2 Skólinn

Það að skapa bekkjarbrag þar sem nemendur finna fyrir öryggi, eru metnir að verðleikum og líður vel er á ábyrgð kennara. Þegar nemendur taka áhættu og gera mistök þurfa þeir að vita að það mun vera komið fram við þá af virðingu. Þeir þurfa að finna fyrir trausti og öryggi og finna að þeir tilheyra hópi. Þeir eiga eitthvað sameiginlegt með öðrum í hópnum og eru mikilvægir þar. Nemendur þurfa að finna fyrir væntumþykju, vináttu og viðurkenningu fyrir það sem þeir eru (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005: 46 – 47).

Samband nemenda við kennara sína getur tengst líðan þeirra, námsgengi og samskiptahæfni og hafa niðurstöður rannsókna sýnt það bæði á leik- og grunnskólastigi. Til dæmis má nefna að hlýja kennara í samskiptum við leikskólanemendur, árekstrarlítil og opin samskipti virtust tengjast því hversu vel börnin aðlöguðust skólanum í skólabyrjun (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007: 55).

4.3 Samskipti

Margar rannsóknir á árangursríku skólastarfi hafa sýnt að samband kennara og nemenda er mikilvægur áhrifavaldur í námsferlinu. Ekki er þetta einungis heimspekileg tilgáta sprottin af hugmyndum um skyldur og réttindi nemenda og kennara heldur fjölda rannsókna sem staðfestir það. Brandes og Ginnis (1980) vitna til rannsókna sem greindu frá því að hegðun batnar og ástundun vex þegar kennarar sýna nemendum sínum sanngirni og virðingu, láta sér annt um velferð þeirra og þarfir og leitast við að byggja upp samstarf og styðjandi samskipti þar sem báðir aðilar hafi réttindi jafnt sem skyldur (West, 1999: 26 – 27).

Þeir Brandes og Ginnis (1980) lýsa þessu fastmótaða sambandi sumra kennara við nemendur sem „skilyrðislausri umhyggju“ (e. Unconditional positive regard):

„Gjöfulasta viðmótið sem einn einstaklingur getur sýnt öðrum er skilyrðislaus umhyggja; viðmót sem án ráðríkis og forræðishyggju leitast við að stuðla að þroska hins aðilans og gefa honum myndugleika – er hvorki auðsveipt né undirgefið eða setur sig á háan hest heldur lagar sig að þörfum nemendanna og styður þá í viðleitni þeirra til þess að ná markmiðunum sem skólinn setur þeim.“ (West, 1999: 27)

Reyndar er það hægara sagt en gert að byggja upp samband af þessu tagi. Það sem reynslan sýnir okkur er að nemendur bregðast best við þegar samband þeirra og kennara markast af heilindum, nemendur og kennarar líta á sig sem samverkamenn í náminu, sýna gagnkvæmt traust og virðingu og vænta góðs hver af öðrum. Einnig teljum við okkur hafa reynslu af því að hægt er að mynda samband af þessu tagi á öllum skólastigum þó svo að greinarmunur kunni að vera eftir aldri nemenda (West, 1999: 27).

5 Líðan barna

Undirstaða allra lífsgæða eru góð líðan og geðheilsa sem gefur fólki möguleika á að finna tilgang með lífinu og vera skapandi og virkir þjóðfélagsþegnar. Því er auðvelt að taka undir það þegar sagt er að líkamleg og andleg heilsa barna og unglinga sé grundvöllur að velferð þeirra í lífinu (Guðrún Guðmundsdóttir, 2006).

Samkvæmt Aðalnámskrám grunnskóla og leikskóla (2011) byggist heilbrigði á líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Allt skólastarf skal efla heilbrigði og hvetja ótrútt að velferð og vellíðan þar sem börn og unglingar verja stórum hluta dagsins í skóla (Aðalnámskrá leikskóla: Almenn menntun 2011; Aðalnámskrá grunnskóla: Almenn menntun 2011).

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.d. hvort það trúir á eigin hæfni, sýnir vilja og getu og er áhugasamt til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að örva líkamlega og andlega vellíðan barna og góða heilsu. Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja meðal annars áherslu á umhyggju, holla næringu, slökun og hvíld, jákvæð samskipti og tilfinningalegt jafnvægi svo eitthvað sé nefnt (Aðalnámskrá leikskóla: Samþætt og skapandi leikskólastarf 2011).

5.1 Sálræn vandamál barna

Oftast nær er auðvelt að átta sig á veikindum barns þegar það er komið með háan hita og sem foreldrar látum við okkur miklu varða hvernig líkamlegri heilsu barna okkar er háttað. Ef að barni líður illa andlega eða tilfinningalega getur mörgum hins vegar yfirsést að koma auga á það því einkennin eru ekki alltaf sýnileg. Það eru ýmiss konar erfiðleikar sem börn lenda í, til dæmis hversdaglegir atburðir eins og rífrildi á skólalóðinni eða afbrýðisemi gagnvart yngra systkini. Auk þess lenda þau í alvarlegri vandamálum sem geta til að mynda tengst andláti nákomins ættingja, skilnaði foreldra, því að byrja í nýjum skóla eða verða fyrir einelti (Guðrún Guðmundsdóttir, 2006).

Tvær hliðar eru á flestum sjúkdómum, önnur sálræn og hin líkamleg. Fáir líkamlegir sjúkdómar speglast ekki með nokkurum hætti í andlegri líðan þess sjúka og geðræn vandamál hafa iðulega einhverjar líkamlegar orsakir. Oft er orsakasamhengi óljóst. Hins vegar hefur orðið venja að kalla þá sjúkdóma sálvefræna þar sem reynslan hefur gefið í

ljós að geðrænt ástand virðist vera mest áberandi um framvindu hins líkamlega kvilla. Nokkuð óeðlilegt líkamsástand og líkamlegir sjúkdómar virðast hafa allmikla sérstöðu í þessu efni (Sigurjón Björnsson, 1993: 128).

Magaverkur og höfuðverkur eru töluvert algeng einkenni hjá börnum þegar þau vaxa úr grasi. Alþekkt er að börn kveinki sér um að þeim sér illt í höfðinu eða maganum þegar þau eiga að fara í skólann eða þegar eitthvað mikið stendur til, meira að segja það sem þau hlakka til. Höfuð- eða magaverkurinn er þá vottur um spennu eða kvíða. Hjá samviskusömum börnum, sem annt er um að standa sig vel og gera miklar kröfur til sín um nákvæmni, er þetta aldeilis ekki óalgengt. Hjá viðkvæmum og fíngerðum börnum ber einnig talsvert á þessu. Þessi tvö einkenni eru fátíð á aldrinum 5 – 7 ára, einkum höfuðverkurinn, magaverkurinn er heldur algengari samkvæmt íslensku safni. Tíðnin er meiri hjá telpum í báðum tilvikum.

Heldur erfitt er yfirleitt talið að ráða bót á sálvefrænum kvillum. Ef álag minnkar og aðstæður batna lagast þeir oft sjálfkrafa, sem betur fer. Raunhæfustu aðgerðirnar hafa það að geyma að kenna barninu (og fjölskyldu þess) að láta í ljós vandkvæði sín með „réttum“ hætti og reyna að breyta háttum til hins betra (Sigurjón Björnsson, 1993: 128 – 129).

Allur missir eða breytingar geta raskað tilveru ungra barna. Líðan barnsins getur breyst mjög fljótt þegar breytingin hefur átt sér stað og það getur litið út fyrir að hafa aðlagast hratt að nýju aðstæðunum. Þetta þýðir þó ekki að breytingin hafi ekki haft áhrif á barnið, viðbrögðin geta komið seinna, eftir nokkur ár jafnvel (Guðrún Guðmundsdóttir, 2006).

Á vef Landlæknisembættisins (2006) koma fram ábendingar um hvað þarf að gera ef aðstæður breytast. Þar er talað um að halda fjölskyldufundi um mál sem þarf að ráða fram úr og talað um tilfinningar – þá er bent á að spyrja barnið um tilfinningar persóna í sögum eða í sjónvarpi. Bent er á að segja barninu hvernig þér líður og spyrja barnið hvernig því líður og þá hvers vegna. Einnig er lagt til að þegar breytingar eru í aðsigi eins og t.d. nýtt heimili, skóli eða nýtt systkini í vændum, skal tala við barnið um væntingarnar sem barnið hefur til breytinganna sem munu verða á högum þess (Guðrún Guðmundsdóttir, 2006).

Börn geta alveg eins og fullorðnir átt við andlega vanlíðan eða geðheilsubresti að stríða. Því eru ábendingar á vef Landlæknis (2006) um það hvernig á að vera á varðbergi ef einhverjar breytingar gera vart við sig hjá barninu þínu. Til dæmis ef það hefur ekki lengur áhuga á því sem það hafði áður gaman af og heldur sig til hlés frá vinum eða fjölskyldu, ef mikil depurð, vonleysi og kvíði gera vart við sig án greinilegrar ástæðu og tilfinningarnar líða ekki hjá og ef því finnst lífið of erfitt og talar um að það vilji ekki lifa (Guðrún Guðmundsdóttir, 2006).

5.2 Geðrækt og börn

Vellíðan og tilfinningaleg heilsa barna grundvallar velferð þeirra í lífinu. Góð heilsa og líðan er samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni grunnur allra lífsgæða og gerir fólki mögulegt að finna tilgang með lífinu og vera skapandi og virkir þjóðfélagsþegnar. Með því að bæta geðheilsu barna er hvatt til þess að gera þau leiknari í að tjá og skilja tilfinningar sínar, efla sjálfstraust, sjálfsmýnd og þrautseigju, sem leiðir svo aftur til betri líðanar og námsárangurs. Næst á eftir heimili barnsins er skólaumhverfið mikilvægast, umhverfi sem mótar tilfinninga- og félagsþroska þess. Tækifæri til að ýta undir félagsþroska barnsins í leik og starfi með öðrum börnum og fullorðnum gefst í skólanum. Þar læra þau að tjá skoðanir sínar og hugsunarhátt og kynnast því sem ætlast er til af þeim sem samfélagsþegnum (Embætti Landlæknis, síðast uppfært 15. maí 2012).

6 Geðtengsl og tilfinningar

Geðtengsl má skilgreina sem tilfinningalegt samband sem myndast yfirleitt milli foreldris og barns á fyrstu árunum. Meðal annars endurspeglast sambandið í því að þau leitast við að vera í návist hvors annars. Geðtengsl eru langvarandi og gagnkvæm. Í viðmóti og tilfinningum foreldris til barns og öfugt koma þau fram. Vanalega eru fyrstu geðtengslin við eina manneskju. Þegar barnið kemst í uppnám þegar viss manneskja fer í burtu, vill vera nálægt henni og það leitar til hennar í ókunnugum aðstæðum eru merki þess að geðtengls hafi myndast. Í kjölfar fyrstu geðtengsla fylgja önnur á eftir, til dæmis við systkini eða hitt foreldrið. Réttilega má halda því fram að þetta kunni að vera mikilvægustu tilfinningaböndin í lífi sérhvers einstaklings. Varanlegt mark á tilfinningalífið getur komið fram ef ekki tekst vel til með þessa tengslamyndun (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007: 317).

Til að mynda hafa rannsóknir sýnt að börn laðast oft að systkinum, dagmæðrum eða leikskólakennurum í leikskólum. Ef börn sækjast eftir návist þessa fólks og eru öruggari við ókunnugar aðstæður í nálægð þeirra er það til marks um að þau hafi myndað geðtengsl við fólkið. Fyrstu árin í lífi barns eru talin ráða úrslitum fyrir geðtengslamyndun (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007: 317 – 318).

6.1 Geðtengsl eru mistraust

Það er ekki sjálfgefið að þau tvö börn af þremur sem sýna merki um traust geðtengsl komi til með að standa sig vel í framtíðinni né heldur að barn sem er óöruggt í ókunnum aðstæðum hafi síðar veika sjálfmynd. Engu að síður eru þetta vissulega vísbendingar sem vert er að fylgjast með.

Breski sálfræðingurinn og barnageðlæknirinn John Bowlby (1907 – 1990) áleit að andleg vellíðan væri ástand sem mætti tengja við traust geðtengsl. Þetta viðhorf hafa rannsóknir stutt, þ.e. ótraust geðtengsl leiða af sér kvíða, reiði og ósjálfstæði en traust ala af sér sjálfstraust og athafnasemi. Annars vegar virðist styrkleiki geðtengsla milli móður og barns og á milli föður og barns hins vegar hafa svipuð áhrif á atferli barnsins. Eigi að síður eru tengslin alloft sterkust við annað foreldri – oftast móður – en börn sem hafa sterk

tengsl við báða foreldra virðast opnari við ókunnuga og öruggari með sig á leikskólaaldri og þegar þau byrja í skóla (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007: 317, 321).

7 Vandamál og hvernig vinna má úr þeim

Að verulegum hluta tengjast vandamál sem upp koma á skólagöngunni og þarf engan að undra það. Hægt er að nefna svokallaða skólafælni, þ.e. hræðsla og kvíði sem koma oft samfara ýmsum líkamlegum einkennum við upphaf skólagöngunnar. Ýmiss konar námserfiðleikar geta verið til staðar, sem falla ekki endilega undir greindarskort heldur eiga sér oft geðrænar ástæður eins og einbeitingarskort, kvíða, vanmetakennd, of lítið úthald og sitthvað fleira. Algengir hegðunarerfiðleikar tengdir skólavist geta komið upp eins og árásargirni, erfiðleikar við að eignast vini, óhófleg hlédrægni, feimni og fleira (Sigurjón Björnsson, 1993: 114 – 115).

Nauðsynlegt er að hafa nána samvinnu við kennara í þeim tilvikum þar sem vandinn kemur við skólavist barnsins eða nám þess. Þörf getur verið á að breyta námstilhögun barnsins á einhvern hátt eða greiða fyrir betri félagslegum samskiptum. Aðalatriðið er að fagmaðurinn þarf að hafa kynnst barninu og aðstæðum þess svo vel að hann geti miðlað þeim skilningi til kennarans og fengið hann til þess að opna augun fyrir aðgerðum. Vitaskuld er samvinna við foreldra einnig nauðsynleg og án hennar er varla mikils árangurs að vænta. Í langflestum tilvikum er það samt vinna fagmannsins sem væntanlega verður fyrirferðamest þegar á barnaskólaaldurinn er komið. Oft er það æskilegast að barnið fari í reglubundin viðtöl yfir lengri tíma og í þeim viðtölum og leik er jafnan reynt að losa um og færa til meðvitundar innbyggða hræðslu, reiði, kvíða og vonbrigði. Einnig eiga viðtölin að hjálpa barninu að ná tökum á tilfinningum af þessu tagi og styrkja það og auka vellíðan þess. Einstaklega ánægjulegt getur verið að vinna með börnum á þennan hátt ef góður trúnaður myndast og árangurinn er oft eftirtektarverður (Sigurjón Björnsson, 1993: 115 – 116).

7.1 Skólafælni

Við upphaf skólagöngu eru einkenni skólafælni einna algengust. Barnið vill ekki með nokkru móti skiljast frá móður sinni og er hrætt við að fara í skólann. Barnið kvartar yfir líkamlegri vanlíðan, magaverk, höfuðverk, ógleði, jafnvel uppköst koma fyrir, eymsli í hálsi, verkir í útlimum eða tíður hjartsláttur, þegar brottfararstundin af heimilinu nálgast. Þegar barnið er á annað borð komið í skólann fer því að líða betur og fyrir kemur að ekki

ber á neinu fyrr en við næsta skóladag. Skólafælni af þessu tagi er oft eina einkennið sem kvartað er yfir í fari barnsins þó svo að fleira komi stundum í ljós þegar betur er að gáð (Sigurjón Björnsson, 1993: 121).

Þótt skólafælni sé að öllum líkindum algengust í upphafi skólagöngu verður stundum vart við þessi vandamál langt fram á unglingsaldur. Batalíkur og eðli málsins eru mismunandi og fer það eftir aldri. Oft er um aðskilnaðarkvíða að ræða hjá yngstu börnunum (5-7 ára). Nauðsynlegt er að bregðast skjótt við í öllum tilvikum. Vandamálið verður mun erfiðara viðureignar ef það dregst á langinn, m.a. af því að þá bætist það við að barnið einangrast frá skólafélögum sínum og verður á eftir í námi (Sigurjón Björnsson, 1993: 121, 123).

7.2 Vinátta og vinsældir

Nú þykjast þroskasálfræðingar vita að mikilvægur liður í þroska barna eru samskipti við jafnaldra eða önnur börn. Börn temja sér margvíslega færni í eigin hópi og verða fyrir áhrifum sem geta markað þau til lífstíðar. Þess vegna má ætla að félagar séu mikilvægir mótunaraðilar, ekki síður en annað nánasta umhverfi barnsins, skóli og fjölskylda (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007: 299).

Kunnugt er að mikill munur sé á því hversu vel börnum er tekið í félagahópnum. Sum börn eru þannig að öllum líkar vel við þau en svo eru önnur sem eiga undir högg að sækja og virðast aldrei falla almennilega inn í hópinn. Greinilegt er að þetta getur haft áhrif á lífshlaup barnanna, ekki síst á skólagöngu og það sem varðar hana. Í áratugi hefur það verið vitað að börn, sem eru illa liðin meðal skólafélaganna, verða frekar fyrir stríðni eða einelti, eiga frekar við námsörðugleika að stríða og er hættara við að hætta í skóla. Líklegt er að slíkum börnum geti verið léttir að því að losna undan þungbæru skólaumhverfinu (óviðkomandi námsgetu) (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007: 301 – 302).

7.3 Hvenær á að leita aðstoðar og hvert?

Barnageðlæknar, klínískt menntaðir sálfræðingar og félagsráðgjafar eru þær þrjár stéttir sérfræðinga sem eiga að vera best umkomnar að veita uppalendum og börnum þeirra viðeigandi aðstoð. Starfssvið þessara þriggja aðila eru ekki þau sömu nema að hluta til en geta þeir engu að síður hæglega vísað á milli sín þegar þörf krefur og hafa oft á tíðum náið samstarf. Sumir þessara sérfræðinga eru í þjónustu opinberra stofnana. Er þar helst að

nefna sálfræðiþjónustu skóla, barna- og unglingageðdeildir og unglingaþjónustu á vegum ríkis og Reykjavíkurborgar. Heilsugæslulæknar, námsráðgjafar og skólayfirvöld eiga að hafa þekkingu á því að vísa fólki á rétta aðstoð (Sigurjón Björnsson, 1993: 111).

8 Barnasáttmálinn og Umboðsmaður barna

Umboðsmaður barna vann skólaverkefnið *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* veturinn 2008 – 2009 og var markmið þess að heyra hvað börn höfðu að segja og gefa þeim kost á því að tjá sig með þeirra hætti sem hentar þeim best. Tekið var mið af 12. og 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem hann vegur þungt í starfi umboðsmanns barna (Umboðsmaður barna og börn á Íslandi, 2009: 5).

12. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

13. gr.

1. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.
2. Láta má rétt þennan sæta vissum takmörkunum, en þó aðeins að því marki sem mælt er fyrir í lögum og er nauðsynlegt
 - a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra, eða
 - b) til að gæta öryggis þjóðarinnar eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigðis almennings eða siðgæðis.(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992).

Umboðsmaður barna vildi með verkefninu gefa börnum tækifæri til að láta sínar raddir heyrast á fjölbreyttan hátt. Form verkefnisins var unnið nokkuð frjálst til að koma til móts við þarfir sem flestra og var myndlistarformið vinsælast þar sem það hentar öllum aldurshópum. Öllum leik- og grunnskólum landsins var boðið að taka þátt í verkefninu og bárust umboðsmanni yfir eitt þúsund verk nemenda úr 23 skólum.

Hér koma nokkur dæmi um það sem börnin höfðu að segja:

Mér líður illa í skólanum út af því að næstum allir eru leiðinlegir við mig. En samt er ég leiðinlegur við suma.

Þegar ég er í skólanum finnst mér allt best en mér finnst verst þegar mér er strítt.

Nennið þið að passa að engu barni líður illa?

Öll börn eiga rétt á öryggi og góðri heilsu og líða vel.

(Umboðsmaður barna og börn á Íslandi, 2009: 35, 45, 54).

Í starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla á barnið, velferð þess og réttindi að vera í fyrirrúmi. Öll börn eiga rétt á kennslu við hæfi, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi. Í skólanum eiga öll börn rétt á njóta hæfileika sinna og að önnur börn og starfsfólk komi vel fram við þau. Vinnufriður á að vera í skólanum, hvetjandi námsumhverfi og skólareglurnar vel kynntar. Börn eiga rétt á því að koma á framfæri eigin sjónarmiðum og að tillit sé tekið til þeirra í skólastarfi (Umboðsmaður barna og börn á Íslandi, 2009: 29).

Umboðsmaður barna vill að öll börn fái frítíma til að njóta frístundastarfs, leikja og hvíldar og að öllum börnum líði vel í skólanum (Umboðsmaður barna og börn á Íslandi, 2009: 29). Samkvæmt verkefninu kemur fram að börn skynja heiminn og tjá sig á annan hátt en fullorðið fólk og gáfu verk þeirra ákveðna innsýn í þeirra heim þar sem þau voru á þeim tíma að upplifa umbrotatíma (Umboðsmaður barna og börn á Íslandi, 2009:92).

Niðurstöður rannsóknar Umboðsmanns barna (2010) voru að meirihluta nemenda líður almennt vel en samt sem áður eru 10 – 15% nemenda sem líður ekki vel, hvort sem könnuð eru málefni skólans eða fjölskyldunnar.

9 Viðtöl

Byggt var á eigindlegri aðferðafræði við könnun á líðan barna við upphaf grunnskóla. Rannsóknarsniðið var tilviksathugun þar sem tekin voru viðtöl. Í flestum eigindlegum rannsóknum er gert ráð fyrir því að þekking sé sameiginlegur skilningur sem vaxið hefur í samskiptum fólks. Við vaxandi skilning byggir einstaklingurinn á ákveðnum forsendum, einkum tungumáli, reynslu, þekkingu, færni, menningu, siðum og venjum. Það getur bæði átt við um rannsakanda og þátttakendur (Helga Jónsdóttir, 2003: 67).

Tekin voru viðtöl við foreldra fjögurra barna sem hófu grunnskólagöngu síðastliðið haust. Viðtölin voru óstöðluð. Óstöðluð viðtöl hafa þau markmið að lýsa og veita skilning á fyrirbrigðum í tilveru fólks. Þau snúast um að glæða lýsingar á sameiginlegum reynsluheimi og teljast til gagnasöfnunaraðferða eigindlegrar aðferðafræði. Reynt er að skilja reynslu þátttakenda frá þeirra eigin sjónarmiðum. Umræðuefnið er þannig fyrirfram ákveðið en ekki innihald samræðnanna (Helga Jónsdóttir, 2003: 73).

Foreldrarnir voru valdir af hentugleika, þ.e. haft var samband við foreldra barna, sem hófu nám síðastliðið haust, sem rannsakandi þekkti og fékk samband við fleiri foreldra í gegnum þá. Í viðtölunum var stuðst við 11 spurningar þar sem foreldrar fengu góðan tíma til að svara og öll viðtölin voru hljóðrituð þar sem nafnleyndar var gætt.

Viðtöl voru tekin við foreldra tveggja barna sem ganga í skóla sem nefndur verður A og tveggja barna í skóla sem nefndur verður B. Báðir skólarnir eru á höfuðborgarsvæðinu, annar þeirra er í rótgrónu hverfi en hinn í nýlegu hverfi sem enn er í byggingu.

Í skóla A var talað við foreldra tveggja drengja sem hér eftir verða drengir A1 og A2. Í skólanum er bæði leik- og grunnskóli undir sama þaki og voru báðir drengirnir búnir að vera í leikskóla þar áður en formlegt grunnskólanám hófst. Í skóla B var talað við foreldra drengs sem hér eftir verður B1 og foreldra stúlku sem verður B2. Börnin komu sitt úr hvorum leikskólanum og hvorugt úr leikskólum úr því hverfi þar sem grunnskólinn er staðsettur. Kom það til af því að foreldrar drengsins völdu leikskóla næst heimilinu og var það í næsta hverfi og fjölskylda stúlkunnar flutti veturinn áður en hún hóf grunnskólagöngu í hverfi grunnskólans og fékk stúlkan að ljúka leikskólagöngu sinni í þeim leikskóla sem hún hafði alltaf verið.

9.1 Viðtölin dregin saman

- Hvernig fannst þér/ykkur vera tekið á móti barninu þegar það hóf grunnskólagöngu?

Foreldrum allra barnanna fannst mjög vel tekið á móti börnunum við upphaf skólans. Í skóla A komu kennararnir heim og hittu börnin og foreldrana í þeirra umhverfi áður en skólahald hófst og fannst foreldrum A1 það mjög þægilegt og var mikil tilhlökkun hjá A1 að sýna kennaranum herbergið sitt. Foreldrum A2 fannst þetta ekki vera eitthvað formlegt skref og er það sennilega af því að barnið var ekki að fara á nýjan stað. Foreldrar beggja drengjanna voru ánægðir með að þeir þekktu umhverfið og starfsfólkið og töldu það léttu þeim flutninginn.

Foreldrum drengsins í skóla B fannst undirbúningurinn mjög góður en hefðu samt viljað fá að koma oftari í heimsókn um vorið þegar leikskólarnir í hverfinu voru að koma og skoða skólann. Þau voru samt sátta við móttökur sem börnin fengu.

- Hvernig leið þér/ykkur þegar barnið byrjaði í grunnskóla?

Gleði og stolt í bland við smá kvíða voru þær tilfinningar sem komu upp hjá foreldrum A1. Kvíðinn var aðallega vegna þess að það kom nýr kennari og margar reglur breyttust og þau voru ekki viss hvernig drengurinn tæki þeim breytingum. Það var aðallega stolt og tilhlökkun sem komu fram hjá foreldrum barna A2 og B2. Foreldrar B1 fundu fyrir tilhlökkun, gleði og smá kvíða af því að drengurinn á það til að hlýða ekki heima fyrir en það kom ekki að sök þegar hann byrjaði í skólanum.

- Tókstu eftir breytingum á hegðun eða líðan barns við skólabyrjun?

Foreldrar drengjanna í skóla A sögðu breytingu á hegðun og líðan ekki sjáanlega og töldu ástæðuna sennilega vera þá að það var ekki verið að skipta um allt umhverfið og ekki allt fullt af nýjum börnum og starfsfólki. Foreldrar B1 sögðu að hann hefði „stækkað“ mjög mikið við að byrja í skóla og fannst hann þroskast mjög mikið og hegðun hans breyst að litlu leyti en tóku ekki eftir breytingu á líðan hans. B2 sýndi ekki breytingar á hegðun en henni leið vel og var jákvæð fyrir því að byrja í skóla.

- Voru aðrar breytingar á fjölskylduhögum við skólabyrjun barnsins?

Aðeins eitt af börnunum varð fyrir breytingum á fjölskylduhögum rétt eftir að skólinn byrjaði. A2 átti von á litlu systkini og var spennan í hámarki rétt eftir að skólinn byrjaði en móðir hans taldi það ekki hafa áhrif á skólagöngu hans.

- Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?

Foreldrar allra barna nema A1 töldu að börnunum líði nokkuð vel í skólanum. Foreldrar A1 töldu að sínu barni líði mjög vel í skólanum. Við skólabyrjun talaði hann alltaf um það hvað honum líði vel í skólanum og væri stoltur af því að vera kominn þangað.

- Hvernig telur þú að barninu þínu líði í frítíma sínum?

Foreldrar barna B1 og A2 töldu að börnunum líði mjög vel í frítíma sínum og væru dugleg að leika við vini sína. Foreldrar barna B2 og A2 töldu líðan barna sinna nokkuð góða í frítímanum.

- Átti barnið vini í skólanum við upphaf hans?

Öll börnin áttu vini í skólanum rétt eftir skólabyrjun en börnin sem fóru í skóla B áttu ekki marga vini fyrstu dagana en það var fljótt að breytast.

- Fylgdu vinir með frá leikskóla upp í grunnskólann?

Vinir fylgdu drengjunum í grunnskóla A en í skóla B var það aðeins eitt barn sem fylgdi B1 úr leikskóla í grunnskóla og fór það barn í sérdeild skólans þannig að þau voru ekki saman í öllum kennslustundum. Enginn vinur fylgdi barni B2 úr leikskóla í grunnskóla.

- Hvernig gengur barninu í samskiptum við önnur börn?

Þegar kemur að samskiptum við önnur börn eru þau misjöfn hjá þessum fjórum börnum. Hjá börnum A1 og B1 svara foreldrar því að samskiptin gangi sæmilega og útskýra þá foreldrar B1 að það sé kannski vegna þess að hann velur það oft að vera bara einn. Honum líði ekki illa þegar hann er einn, hann langar ekki alltaf að gera það sem aðrir eru að gera en samt sem áður gengur honum ekki illa í samskiptum við aðra. Móðir A1 segir hann vera svo stríðinn og það hljóti að hafa áhrif á samskipti við önnur börn.

Börnum A2 og B2 gengur mjög vel í samskiptum við önnur börn og var það oft þannig að B2 kom heim með fjóra til fimm vini í skólabyrjun.

- Hversu mikið eða lítið kemur skólinn til móts við barnið þitt á forsendum þess?

Hjá öllum þessum börnum koma skólarnir mjög mikið til móts við þau þó svo að þau þurfi enga sérkennslu eða annan stuðning. Foreldrar barnanna í skóla A sögðu að kennarinn hefði greint foreldrum frá því strax við upphaf skólans að ef eitthvað væri að þá myndu foreldrarnir fá að vita það.

- Hvað fannst barninu gaman að gera í skólanum fyrsta mánuðinn?

A1 fannst skemmtilegast í frímínútum, sögustundum og að horfa á alls kyns fræðslumyndbönd. A2 fannst skemmtilegast að gera verkefni í stærðfræði, vera úti og inni og í frímínútum, honum líkaði frímínúturnar best í byrjun. B1 fannst næstum því allt skemmtilegt fyrstu vikunnar svo lengi sem hann þurfti ekki að lesa. Meðal þess sem honum þótti skemmtilegt var dans, íþróttir, smíði, tónmennt og stærðfræði. B2 fannst íþróttir langskemmtilegastar í upphafi skólans.

9.2 Niðurstöður viðtala

Í öllum viðtölunum nema einu voru báðir foreldrar viðstaddir en mæðurnar virtust í flestum tilfellum fyrri til svara. Allir nemendurnir sem um var rætt búa hjá báðum foreldrum og eiga eldri systkin þannig að foreldrarnir voru ekki að senda sitt fyrsta barn í grunnskóla. Þar sem skólarnir eru ólíkir var hægt að búast við ólíkum útkomum en kom það í ljós að börnunum í skóla A, þar sem leikskólinn er í sama húsi og kennsla 6 ára barna, og börnunum í skóla B, hefðbundna grunnskólanum, líður að því leytinu svipað.

Viðtölin sýna að foreldrum finnst vel tekið á móti börnunum í upphafi og það sé helst tilhlökkun, gleði, stolt og smá kvíði sem einkenna tilfinningar foreldranna. Breytingar á hegðun og líðan barnanna virtust ekki koma sérstaklega í ljós við tímamótin hvort sem þau þekktu einhvern í skólanum eða ekki. Ekki var hægt að greina meiri vanlíðan eða meiri vellíðan barnanna í skólunum á svörum foreldranna.

Lokaorð

Í verkefninu var lögð fram rannsóknarspurningin: Hvernig líður börnum við upphaf grunnskóla? Í raun og veru er ekki hægt að svara henni á einn ákveðinn hátt. Að hefja nám í grunnskóla er stórt skref fyrir 6 ára gömul börn. Þau eru langflest að koma úr vernduðu umhverfi leikskólans og virðist líða vel þar. Þegar stóra skrefið er tekið og grunnskólinn byrjaður geta ýmsar tilfinningar vaknað eða ýmis vandamál komið upp. Tengingin á milli skólastiganna skiptir miklu máli og að flutningurinn sé vel undirbúinn svo hann geti verið farsæll. Það sem skiptir einnig miklu máli, þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla, eru góð samskipti milli allra sem málið varðar. Þá verða börnin jákvæðari gagnvart flutningnum og meiri líkur á því að þeim líði betur.

Vellíðan barna skiptir gríðarlegu máli og ef börnum líður ekki vel getur það bitnað á svo mörgu sem þau gera eða gera jafnvel ekki. Vellíðan barna er ein grundallar velferð þeirra í lífinu. Vellíðan er ástand sem tengja má við traust geðtengsl. Þegar börn mynda traust geðtengsl virðast þau opnari og öruggari með sig í breyttum aðstæðum eins og til dæmis við skólabyrjun. Ef börnum líður ekki vel sýna þau flest einhver einkenni. Magaverkur og höfuðverkur eru algengastir þegar börn eiga að fara í skólann og er það yfirleitt merki um spennu eða kvíða. Best er að leita til fagaðila ef einkennin eru orðin áberandi.

Í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna kemur skýrt fram að hlusta skal á börnin. Börn finna það fljótt ef ekki er hlustað á þau og skoðanir þeirra virtar. Börn eru ólík eins og fullorðnir og öll eiga þau rétt á kennslu við hæfi, óháð andlegri eða líkamlegri líðan. Rannsókn sem Umboðsmaður barna gerði veturinn 2008 – 2009 sýnir að 10 – 15 % nemenda líður ekki vel og er það vert málefni sem þarf að hugsa um.

Í viðtölum við foreldra komu ekki fram skýr svör um það hvort börnum líði almennt vel þegar þau hefja grunnskólanám. Samt sem áður lítur það þannig út samkvæmt foreldrunum að börnum þeirra hafi liðið vel við skólabyrjun. Foreldrunum fannst mjög vel tekið á móti börnunum í upphafi og fannst skólinn koma vel til móts við þarfir þeirra. Stolt, gleði, tilhlökkun og smá kvíði einkenndi foreldrana þegar börnin þeirra hófu grunnskólagöngu.

Gott væri að geta fylgst með líðan barna í upphafi grunnskóla á sérstakan hátt og fylgjast með því hvort hún breytist og ef svo er hvenær hún geri það og hvernig. Jafnvel væri hægt að finna og vinna með ástæður þess að börnum líður ekki öllum vel í skólanum.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla: Almenn menntun 2011.

Aðalnámskrá leikskóla: Samþætt og skapandi leikskólastarf 2011.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011.

Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2007). *Þroskasálfræði. Lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjavík: Mál og menning.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1992). Barnasáttmálinn – Heildar texti. Sótt 16. febrúar 2013 af

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments by nature and design*. Cambridge: Harvard University Press.

Broström, S. og Wagner, J. T. (2003). Transitions in context: Models, practicalities and problems. Í Broström, S. og Wagner, J. T. (ritstjórar), *Early childhood education in five Nordic countries: Perspectives on the transition from preschool to school* (bls. 27 – 36). Århus: Systime Academic.

Clancy, S., Simpson L. og Howard P. (2001). Mutual trust and respect. Í S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Beginning school together: Sharing strengths* (bls. 56 – 61). Canberra: Watson.

Dockett, S. og Perry B. (2007). *Transitions to school; perceptions, expectations, experiences*. New South Wales: Pademelon press.

Embætti Landlæknis. (Síðast uppfært 2012). Geðrækt og börn. Sótt 22. mars 2013 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/gedraekt/born/>

Fabian, H. (2000, ágúst - september). A seamless transition? Sótt 25. mars 2013 af <http://extranet.edfac.unimelb.edu.au/LED/tec/pdf/fabian1.pdf>

Glazier, J. (2001). Orientation or transition. Í S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Beginning school together: Sharing strengths* (bls. 15 - 21). Canberra: Watson.

Guðrún Guðmundsdóttir. (2006, maí). Geðheilbrigði ungra barna. Sótt 17. mars 2013 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/gedraekt/grein/grein/item14759/Gedheilbrigdi-ungra-barna>

- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrími*. Reykjavík: HÁM.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67 – 84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Helga Margrét Guðmundsdóttir. (2005). Samstarf heimilis og skóla hefur áhrif á líðan barna. Sótt 3. mars 2013 af <http://heimiliogskoli.is/utgefidefni/greinar/>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Fjöldi nemenda og fjármagn. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 – 2007*, síðara bindi (bls. 176 – 194). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (1994). Fjölskyldan og skólinn. Í Ingibjörg Broddadóttir (ritstjóri), *Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda* (bls. 175 – 184). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Rannveig Jóhannsdóttir. (2011, 31. desember). Skrifa nafnið sitt í leikskóla og lesa í grunnskóla. Um þróun í læsi á meðal barna við lok leikskólagöngu. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 10. mars 2013 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/023.pdf>
- Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir, Mel West. (1999). *Aukin gæði náms – skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2008, 30. desember). Reynsla foreldra af grunnskólabyrjun barna sinna. Sótt 19. mars 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2008/014/index.htm>
- Sigurjón Björnsson. (1993). Sálræn vandamál barna og unglunga. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Sálfræðibókin* (bls. 107 – 140). Reykjavík: Mál og menning.
- Umboðsmaður barna og börn á Íslandi. (2009). *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* Reykjavík: Umboðsmaður barna.

Umboðsmaður barna. (2010). *Líðan barna: Könnun Umboðsmanns barna vorið 2010*. Sótt
21. mars 2013 af
http://barn.is/barn/upload/files/utgefid_efni/adrar_skyrslur/lidan_barna_konnun_ub_2010.pdf